

Nd.

306. Nefndarálit

[45. mál]

um frv. til l. um lántökuheimild og ráðstöfun lánsfjár til hafnarframkvæmda.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Síðan frv. var flutt í byrjun þessa þings, hafa þau tíðindi gerzt nú nýlega, að ríkisstjórnin hefur tilkynnt Alþingi, að hún hafi ráðstafað eftirstöðvunum af 6 millj. dollara láninu, sem undirbúið var af vinstri stjórninni m. a. með tilliti til hafnargerða og tekið samkv. heimild í LVIII. tölul. 22. gr. fjárlaga fyrir árið 1959. Sá möguleiki er því ekki lengur fyrir hendi, að hægt sé að fá 30 millj. viðbótarfé til hafnarframkvæmda af þessu láni, eins og gert var ráð fyrir í 1. gr. frv. Minni hl. leggur því til, að sú grein falli niður, en að jafnframt verði ákveðið að verja til hafnargerðarlána 30 millj. kr. af því fé, sem aflað hefur verið í sambandi við óafturkræft framlag og vörukaupalántöku erlendis.

Minni hlutinn telur alveg óhjákvæmilegt að gera tilraun til að fá erlent fé til hafnargerða þegar á þessu ári og síðan á allra næstu árum, og þyrfti að vera hægt að úthluta lánum af slíku fé snemma á næsta vori. Ekki er ástæða til að bíða eftir 10 ára áætluninni með slíkar ráðstafanir, því að hér er ekki um að ræða nema nokkurn hluta af því fjármagni, sem gert mun verða ráð fyrir í þeirri áætlun, og þegar er búið að gera áætlanir á ýmsum stöðum um hafnarframkvæmdir, sem einsýnt er að vinna ber að nú alveg á næstunni, ef fé er fyrir hendi. En gerð 10 ára áætlunarinnar hefur dregið nokkuð vegna þess, að vitamálaskrifstofunni hefur enn ekki unnizt tími til að ljúka sínum þætti verksins, og þarf það ekki að tefja þetta mál.

Alþingi hefur þegar veitt fé til rúml. 40 hafna á þessu ári upp í þann hluta stofnkostnaðar hafnanna, sem ríkissjóði ber að greiða samkv. lögum, en hluti ríkissjóðs er 40—50% stofnkostnaðar. Ekki mun standa til, enda vart framkvæmanlegt eða heppilegt, að vinna á öllum þessum stöðum sama árið. En kostnaður við hafnargerðir hefur stórhækkað, og verður ekki séð, að hafnarsjóðir þeir, sem þyrftu að vinna að framkvæmdum á þessu ári, hafi nú yfirleitt nokkur tók á að útvega allt það fjármagn innanlands, sem þeir þurfa til þess að greiða sinn hluta framkvæmdakostnaðarins og — til bráðabirgða — það af ríkishlutanum, sem ekki er fjárveiting fyrir.

Sumarið 1959 var samkv. ákvörðun Alþingis úthlutað lánum, samtals 27½ millj. kr., til hafnarframkvæmda á 19 stöðum. Var þetta, eins og áður er tekið fram, hluti af 6 millj. dollara láni, sem tekið var erlendis. Hafnarframkvæmdir s. l. sumar byggðust að verulegu leyti á eftirstöðvum þessa lánsfjár, en það mun nú víðast hvar þrotið. Lán til hafnarframkvæmda hljóta að teljast meðal þeirra lána, sem réttmætt

er, þjóðhagslega séð, að taka erlendis, því að umbætur á höfnum stuðla að eflingu atvinnulífsins við sjávarsíðuna og auka gjaldeyrisóflun þjóðarinnar.

Framtíð margra sjávarplássna er undir því komin, að ekki dragist um of að skapa þar þau hafnarskilyrði, sem fyrirhuguð eru, fyrir fiskiskip og vöruflutningaskip. Að hafnarmannvirkjum þarf að vera hægt að vinna í hæfilegum áföngum, bæði til þess að koma í veg fyrir, að skilið sé við þau í því ástandi, að hætta sé á skemmdum, og einnig og ekki síður til þess, að kostnaður við notkun dýrra tækja verði ekki meiri í hvert sinn en eðlilegt má teljast.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, er nú flutt í annað sinn í Nd. Á síðasta þingi var því vísað til fjárhagsnefndar, en hlaut þá ekki afgreiðslu í þeirri nefnd. Mun nefndin þá hafa talið sig hafa ástæðu til að ætla, að ríkisstjórnin mundi á árinu sem leið gera sérstakar ráðstafanir til að skapa lánsfjármöguleika fyrir hafnar-sjóðina. Úr því hefur þó ekki orðið og enn ekkert komið fram frá ríkisstjórninni um fyrirætlanir í því sambandi. Líður nú óðum að því, að hafnarstjórnir og vitamálaskrifstofan þurfi að fara að gera sér grein fyrir framkvæmdamöguleikum í sumar. Það er því ekki ófyrirsýnju, að þetta frv. hefur verið endurflutt, og að dómi minni hl. nefndarinnar er full ástæða til að gera nú þær ráðstafanir, sem farið er fram á í frv.

Minni hl. leggur til, að frv. verði samþykkt með svo hljóðandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Hafnar- og lendingarbótasjóðir skulu á árinu 1961 eiga þess kost að fá að láni a. m. k. 30 millj. kr. af óafturkræfu framlagi og vörukaupaláni, sem ríkisstjórnin hefur samið um erlendis.

2. Við 4. gr. Í stað „2. og 3. gr.“ komi: 1. og 3. gr.

Alþingi, 30. jan. 1961.

Gisli Guðmundsson, Lúðvík Jósefsson.
frsm.